



1. Jón og Guðrún kaupa íbúð



H2.8



Jón og Guðrún eru ung og ástfangin.
 Þau eru að kaupa litla íbúð í blokk
 í hjarta bæjarins. Íbúðin er á fyrstu hæð.

1.1 Íbúðin



H2.9

Við komum inn í forstofu og strax til hægri er lítil geymsla.
 Inn af forstofunni er lítill gangur og vinstra megin er stofan, en hægra megin
 er eldhúsið. Stofan er á mótum eldhúsins. Við hliðina á eldhúsinu er svefnherbergið.
 Við hliðina á stofunni er vinnuherbergi. Við endann á ganginum er lítið baðherbergi,
 á milli vinnuherbergis og svefnherbergis.

1.2 Merktu herbergin inn á myndina með réttum staf



A = forstofa

E = eldhús

B = geymsla


F = svefnherbergi

C = gangur

G = vinnuherbergi

D = stofa

H = baðherbergi





Hvað segir Fríða frænka?

Sumt fólk leigir og annað fólk kaupir íbúð. Þeir sem leigja geta fengið húsaleigubætur. Þeir sem kaupa íbúð taka lán hjá banka eða íbúðalánasjóði.


Upplýsingar um húsaleigubætur og húsnæðislán má finna á www.island.is

2. Jón og Guðrún flytja inn



H2.10

- Jón: Gunna mín, hvar er best að hafa sófann?
- Guðrún: Í stofunni auðvitað. Undir glugganum?
- Jón: Nei, hann er of stór, þá sjáum við ekki út.
- Guðrún: Allt í lagi. Við vegginn undir stóra málverkinu.
- Jón: Já, það er fínt.
- Guðrún: ... og sófaborðið fyrir framan sófann og stólinn undir glugganum.



- Guðrún: Nonni minn, á bókahillan að vera í stofunni, eða kannski í vinnuherberginu?
- Jón: Það er best að hafa hana í vinnuherberginu. En skrifborðið er of stórt fyrir vinnuherbergið!
- Guðrún: Já, mig langar í nýtt skrifborð. Eitthvað minna en þetta gamla skrifborð.
- Jón: Setjum gamla skrifborðið í geymsluna, fyrir aftan kassana.



lítið



minna




stórt



stærri

- Jón: Hvar á þessi motta að vera?
 Guðrún: Þetta er baðmotta, sérðu það ekki?
 Inni á baðherberginu fyrir framan klósettið.
 Jón: Okkur vantar eldhúsborð og eldhússtóla.
 Það er bara einn eldhúskollur í eldhúsinu!
 Guðrún: Já, við þurfum að fara í IKEA.
 Okkur vantar líka stærri rúm!

	Mig langar ... Mig vantar ... Ég þarf ...
	Okkur langar ... Okkur vantar ... Við þurfum ...

2.1 Hvað er heima hjá Jóni og Guðrúnu?



Á baðherberginu eru klósett, vaskur og sturta.

Í stofunni eru sófi, málverk, sófaborð og stóll.




Í eldhúsinu eru eldavél, ísskápur, skápur og einn eldhúskollur.



Í svefnherberginu eru rúm og motta.

Í vinnuherberginu er bókahilla.

Í geymslunni eru skrifborð og kassar.



2.2 Spyrjið og svarið



- | | |
|--------------------------|---------------------------|
| 1. Hvar er rúmið? | Það er í svefnherberginu. |
| 2. Hvar er klósettið? | Það er ... |
| 3. Hvar er sófinn? | Hann er ... |
| 4. Hvar er sturtan? | Hún er ... |
| 5. Hvar er vaskurinn? | Hann er ... |
| 6. Hvar er skápurinn? | Hann er ... |
| 7. Hvar er bókahillan? | Hún er ... |
| 8. Hvar eru skrifborðið? | Það er ... |
| 9. Hvar er eldavélin? | Hún er ... |
| 10. Hvar er mottan? | Hún er ... |

2.3 Lýstu íbúðinni þinni



Hvaða herbergi eru í þinni íbúð? Hvaða húsgögn eru í þinni íbúð?




Hvað segir Fríða frænka?

Jón og Guðrún eru stundum kölluð *Nonni* og *Gunna*.
Þetta eru gælunöfn. Fleiri íslensk gælunöfn eru t.d.
Siggi (Sigurður), *Sigga* (Sigríður), *Solla* (Sólveig), *Palli*
(Páll), *Jói* (Jóhann/Jóhannes), *Magga* (Margrét).

*Kannt þú fleiri íslensk gælunöfn?
Eru gælunöfn notuð í þínu máli?*

2.4 Hvar eru gleraugun?

Skrifaðu rétt orð í eyðurnar



fyrir aftan undir fyrir framan á milli við hliðina á
hægra megin við vinstra megin við í á yfir

1. Mottan er _____ rúminu.
2. Kommóðan er _____ rúminu.
3. Kisan er _____ rúmið.
4. Málverkið er _____ rúminu.
5. Sokkurinn er _____ skúffunni.
6. Gleraugun eru _____ náttborðinu.
7. Lampinn er _____ gleraugun.
8. Bækurnar eru _____ vekjaraklukkuna.
9. Rúmið er _____ kommóðu og náttborðs.
10. Náttborðið er _____ rúmið.

3. Jón og Guðrún versla



H2.11




Jón og Guðrúnu vantar ýmislegt í nýju íbúðina.

Pau þurfa að kaupa eldhúsborð og stóla.

Pau ætla líka að kaupa nýtt skrifborð, rúm og fleira.


Pau langar líka í nýja tölvu og prentara. Pau ætla að fara í húsgagnaverslun og raftækjaverslun og skoða hvað allt þetta kostar. Pau eiga ekki mjög mikinn pening!



3.1 Í húsgagnaverslun. Hlustaðu á samtalið og merktu við rétta setningu



H2.12



a) Eldhúsborðið kostar

- 32000 krónur.
- 3200 krónur.
- 27000 krónur.

b) Stólarnir kosta

- 5900 krónur stykkið.
- 4900 krónur stykkið.
- 6900 krónur stykkið.

c) Staðgreiðsluafsláttur er

- 15%
- 10%
- 5%

 150 kr.	 100 kr.	 500 kr.	 650 kr.
ódýrt kaffi	ódýrara kaffi	dýrt kaffi	dýrara kaffi

3.2 Hlustaðu á samtalið og merktu við rétt eða rangt



H2.13

- | | | |
|------------------------------------|-------------------------------|--------------------------------|
| Guðrúnu finnst þetta of dýrt. | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt |
| Jóni finnst þetta of dýrt. | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt |
| Guðrúnu finnst þetta ódýrt. | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt |
| Í hinni búðinni var allt ódýrara. | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt |
| Það var mjög dýr búð. | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt |
| Guðrún nennir ekki að skoða meira. | <input type="checkbox"/> rétt | <input type="checkbox"/> rangt |


Háar tölur. Hlustaðu og endurtaktu



H2.14

1000 = eitt þúsund	1.100 = eitt þúsund og eitt hundruð	
2000 = tvö þúsund	2.200 = tvö þúsund og tvö hundruð	
3000 = þrjú þúsund	3.300 = þrjú þúsund og þrjú hundruð	
4000 = fjögur þúsund	4.400 = fjögur þúsund og fjögur hundruð	
5000 = fimm þúsund	5.500 = fimm þúsund og fimm hundruð	
10.000 = tíu þúsund	20.000 = tuttugu þúsund	30.000 = þrjátíu þúsund
40.000 = fjörutíu þúsund	50.000 = fimmtíu þúsund	60.000 = sextíu þúsund
70.000 = sjötíu þúsund	80.000 = áttatíu þúsund	90.000 = níutíu þúsund
100.000 = hundrað þúsund	200.000 = tvö hundruð þúsund	
300.000 = þrjú hundruð þúsund	400.000 = fjögur hundruð þúsund	
199.999 = hundrað níutíu og níu þúsund níu hundruð níutíu og níu		
127.500 = hundrað tuttugu og sjö þúsund og fimm hundruð		

4. Í raftækjaverslun



4.1 Spyrjið og svarið

Hvað kostar tölvan?

Hvað kostar síminn?

Finnst þér flatskjárinn dýr?

4.2 Búðu til fleiri spurningar um myndina

Hvað kostar

4.3 Tölum saman!

- a) Áttu íbúð eða leigir þú?
b) Hvaða húsgögn eru í stofunni þinni? *Í stofunni eru ...*
c) Hvaða húsgögn langar þig að kaupa? *Mig langar að kaupa*
d) Hvaða raftæki áttu? *Ég á ...*
e) Vantar þig einhver raftæki? *Mig vantar ...*
f) Er sturta eða bað á baðherberginu þínu? (eða kannski bæði?)



5. Launamál H2.15

- Óli: Hvað ert þú með í laun, Hlynur?
Hlynur: Það kemur þér ekkert við!
Óli: Láttu ekki svona, hvað færðu útborgað?
Hlynur: Ég fæ oftast svona um 220.000 útborgað.
Óli: En skilurðu alveg launaseðilinn þinn?
Hlynur: Nei, eiginlega ekki.



Hvað segir Fríða frænka?

Allir sem vinna á Íslandi eiga að borga skatta á Íslandi.
Allir eiga að fá launaseðil.

*Færð þú launaseðil?
Borgar þú í stéttarfélag?
Borgar þú skatta?*

Ef þú veist það ekki, þarft þú að athuga málið!
Talaðu við vinnuveitanda þinn eða fáðu aðstoð.

6. Hvaða samtöl eiga við hvaða mynd?



H2.16-19

Merktu myndirnar með réttum bókstaf



- A** Kona: Ég var að kaupa mér bíl!
Maður: Í alvöru? Til hamingju. Hvað kostaði hann?
Kona: Hann er notaður og ég keypti hann á 850.000 krónur.
- B** Kona: Má ég máta þetta pils?
Sölukona: Já, gerðu svo vel.
Kona: Æ, það er of stórt. Áttu minna?
- C** Maður: Hvað kostar þessi sófi?
Sölukona: 79.800 krónur. Hann er á tilboði.
Maður: Það var ekki dýrt! Ég ætla að fá hann. Sendið þið sófann heim til mín?
Sölukona: Já, hvar býrðu?
- D** Maður: Get ég fengið matseðilinn?
Þjónn: Gjörðu svo vel.
Kona: Mig langar í fiskisúpuna. Hvað ætlar þú að fá þér?
Maður: Hún kostar næstum 3000 krónur! Þetta er allt of dýr staður! Förum!
Kona: Er ekki allt í lagi með þig?

Fleiri háar tölur. Hlustaðu og endurtaktu



H2.20

1.000.000 = **ein milljón**

2.000.000 = **tvær milljónir**

3.000.000 = **þrjár milljónir**

4.000.000 = **fjórar milljónir**

5.000.000 = **fimm milljónir**

1.000.000.000 = **einn milljarður**

2.000.000.000 = **tveir milljarðar**

3.000.000.000 = **þrír milljarðar**

4.000.000.000 = **fjórir milljarðar**

5.000.000.000 = **fimm milljarðar**

Hvað gerir þú ef þú villist
í íslenskum skógi?

Hvað búa margir í þínu landi?

Hvað búa margir í öllum heiminum?

Hvað eru mörg tré á Íslandi? (svar: 3!)



(svar: stendur upp!)

7. Hlustaðu og skrifaðu tölurnar með tölustöfum




H2.21

- Íbúðin mín kostaði _____ milljónir.
- Bíllinn minn kostaði _____ krónur.
- Launin mín eru _____ krónur.
- Ég fæ útborgað _____ krónur.
- Ég á _____ systkini.
- Ég á _____ dætur.
- Þau borga _____ í leigu á mánuði.
- Á Íslandi búa um það bil _____ manns.
- Í Bandaríkjunum búa um _____ manna.
- Í heiminum búa um _____ manna.
- Langamma mín er _____ ára.

8. Hvað kann ég?



8.1 Hvað heita herbergin í íbúð?



8.2 Hvað kosta þessir hlutir? Tengdu við rétta upphæð



sautján þúsund sex hundruð og fimmtíu

tólf þúsund og fimm hundruð

fjögur hundruð tuttugu og níu þúsund níu hundruð níutíu og níu

níutíu og níu þúsund og níu hundruð

Tuttugu og eitt þúsund níu hundruð níutíu og níu

Tilboð!



8.3 Skrifaðu nýtt samtál



Maður



9. Sjálfsmat – Petta kann ég!



1. Ég kann orð um **herbergi** í íbúð

- | | | |
|--------------------------------------|--|----------------------------------|
| <input type="checkbox"/> baðherbergi | <input type="checkbox"/> stofa | <input type="checkbox"/> geymsla |
| <input type="checkbox"/> eldhús | <input type="checkbox"/> svefnherbergi | <input type="checkbox"/> gangur |

2. Ég kann að segja **hvar** hlutir eru

- | | | |
|---------------------------------------|--|--------------------------------------|
| <input type="checkbox"/> á | <input type="checkbox"/> yfir | <input type="checkbox"/> á móti |
| <input type="checkbox"/> í | <input type="checkbox"/> við hliðina á | <input type="checkbox"/> til hægri |
| <input type="checkbox"/> fyrir framan | <input type="checkbox"/> hægra megin við | <input type="checkbox"/> til vinstri |
| <input type="checkbox"/> fyrir aftan | <input type="checkbox"/> vinstra megin við | |
| <input type="checkbox"/> undir | <input type="checkbox"/> á milli | |

3. Ég kann orð um **húsmuni**

- | | |
|---------------------------------|----------------------------------|
| <input type="checkbox"/> borð | <input type="checkbox"/> klósett |
| <input type="checkbox"/> stóll | <input type="checkbox"/> sturta |
| <input type="checkbox"/> sófi | <input type="checkbox"/> hilla |
| <input type="checkbox"/> skápur | |

4. Ég kann orð um **raftæki**

- | | | |
|-----------------------------------|----------------------------------|-----------------------------------|
| <input type="checkbox"/> tölva | <input type="checkbox"/> útvarp | <input type="checkbox"/> eldavél |
| <input type="checkbox"/> prentari | <input type="checkbox"/> sími | <input type="checkbox"/> ísskápur |
| <input type="checkbox"/> sjónvarp | <input type="checkbox"/> farsími | |

5. Ég kann **orðin**

- | | |
|---|--------------------------------|
| <input type="checkbox"/> stórt – stærra | <input type="checkbox"/> dýrt |
| <input type="checkbox"/> lítið – minna | <input type="checkbox"/> ódýrt |

5. Ég kann háar tölur

1000

2000

3000

4000

5000

10.000

20.000

30.000

40.000

50.000

60.000

70.000

80.000

90.000

100.000

200.000

300.000

400.000

500.000

1.000.000

2.000.000

3.000.000


4.000.000

5.000.000

1.000.000.000

2.000.000.000

7. Ég kann að segja hvað hlutir **kosta**



8. Hvað lærði ég fleira í 2. kafla?

9. Hvað ætla ég að nota?

10. Hvað þarf ég að læra betur?

Nafnorð: Kyn, endingar, greinir og föll

	Karlkyn – hann/þeir		Kvenkyn – hún/þær		Hvorugkyn – það/þau	
	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>	<i>eintala</i>	<i>fleirtala</i>
nefnifall	sófi(nn)	sófar(nir)	tölva(n)	tölvur(nar)	rúm(ið)	rúm(in)
þolfall	sófa(nn)	sófa(na)	tölvu(na)	tölvur(nar)	rúm(ið)	rúm(in)
þágufall	sófa(num)	sófu/m(num)	tölvu(nni)	tölvu/m(num)	rúmi(nu)	rúmu/m(num)
eignarfall	sófa(ns)	sófa(nna)	tölvu(nnar)	tölva(nna)	rúms(ins)	rúma(nna)
nefnifall	skápur(inn)	skápar(nir)	eldavél(in)	eldavélar(nar)	herbergi(ð)	herbergi(n)
þolfall	skáp(inn)	skápa(na)	eldavél(ina)	eldavélar(nar)	herbergi(ð)	herbergi(n)
þágufall	skáp/i(num)	skápu/m(num)	eldavél(inni)	eldavélu/m(num)	herbergi(nu)	herbergju/m(num)
eignarfall	skáps(ins)	skápa(nna)	eldavélar(innar)	eldavéla(nna)	herbergis(ins)	herbergja(nna)
nefnifall	stóll(inn)	stólar(nir)	mynd(in)	myndir(nar)	borð(ið)	borð(in)
þolfall	stól(inn)	stóla(na)	mynd(ina)	myndir(nar)	borð(ið)	borð(in)
þágufall	stól(num)	stólu/m(num)	mynd(inni)	myndu/m(num)	borði(nu)	borðu/m(num)
eignarfall	stóls(ins)	stóla(nna)	myndar(innar)	mynda(nna)	borðs(ins)	borða(nna)

Staðarforsetningar

fyrir aftan fyrir framan hægra megin við vinstra megin við	Glugginn er fyrir aftan sófann. Sófinn er fyrir framan gluggann. Borðið er hægra megin við rúmið. Rúmið er vinstra megin við borðið.
á í undir við hliðina á yfir	Bókin er á borðinu. Bókin er í töskunni. Mottan er undir borðinu. Svefnherbergið er við hliðina á eldhúsinu. Ljósið er yfir borðinu.
til hægri til vinstri á milli á móti	Baðherbergið er til hægri . Stofan er til vinstri . Gangurinn er á milli stofu og eldhúss. Stofan er á móti eldhúsinu.

að þurfa* – óregluleg sögn

	að þurfa*	
ég	þarf	að fara í búð. að kaupa sófa. að hringja í mömmu.
þú	þarft	
hann/hún/það	þarf	
við	þurfum	
þið	þurfið	
þeir/þær/þau	þurfa	

Ópersónulegar sagnir

að langa og að vanta

	að langa		að vanta	
mig þig hann/hana/það okkur ykkur þá/þær/þau	langar	í nýja íbúð. í nýtt skrifborð. að fara í bíó.	vantar	húsgögn. mjólk. peninga. ísskáp.

Háar tölur og kyn

karlkyn (hann - kk) milljarður	
1.000.000.000	einn milljarður
2.000.000.000	tveir milljarðar
3.000.000.000	þrír milljarðar
4.000.000.000	fjórir milljarðar
5.000.000.000	fimm milljarðar

kvenkyn (hún - kvk) milljón	
1.000.000	ein milljón
2.000.000	tvær milljónir
3.000.000	þrjár milljónir
4.000.000	fjórar milljónir
5.000.000	fimm milljónir

hvorugkyn (það - hk) hundrað og þúsund			
100	eitt hundrað	1000	eitt þúsund
200	tvö hundruð	2000	tvö þúsund
300	þrjú hundruð	3000	þrjú þúsund
400	fjögur hundruð	4000	fjögur þúsund
500	fimm hundruð	5000	fimm þúsund

